



9. febrúar 2021

Nýtt Karellen app!

Leiðbeiningar fyrir foreldra og aðstandendur

Það er okkur gleðiefni að tilkynna að Karellen appið er loksins komið út.

Einhverjir eru með stillt á sjálfvirka uppfærslu í símunum eða snjalltækjunum sínum meðan aðrir þurfa að fara inn í app eða playstore til að ýta á forritið til að uppfæra.

Inn í playstore er farið inn í flipann með þessu merki þ.e. 3 strik:



Þar er valið forritin mín og leikir og hægt að ýta á uppfæra og þá uppfærast yfir í nýja Karellen appið.

Í App store er smellt á Today neðst á skjánum og síðan tákið fyrir notanda símans (mynd eða hringur ofarlega til hægri á skjánum) þá birtist listi yfir þau öpp sem þarfnast uppfærslu. Þar velur notandinn að uppfæra Karellen appið.

Þegar komið er inn í forritið er hægt að fara í stillingar og velja tungumál þ.e. íslenska eða enska. Pólska verður einnig í boði og er væntanlegt.


Til að komast inn í smáforritið sem aðstandandi þarf að skrá notendanafn sem er kennitala eða netfang. Ef að lykilorðið er týnt er hægt að óska eftir nýju með því að ýta á týnt lykilorð. Þá færðu sendar leiðbeiningar í netfangið þitt til að endursetja það.

Nú þurfa foreldrar að velja viðeigandi tákn til að sjá upplýsingar um barn/börn.

Nýrrar uppfærslu er strax að vænta þar sem ýmsar þýðingar og hnökrar koma alltaf upp með svona nýjungum.

Hér á myndinni fyrir neðan má sjá sýnishorn af sýnileika foreldra en eins og sjá má hefur viðmótið breyst töluvert

- **Tilkynningar:** Hér sjá foreldrar tilkynningar frá skólanum.
- **Skilaboð til starfsfólks:** Hér er um að ræða skilaboð eins og í núverandi appi.
- **Mæting:** Foreldrar sjá viðveru barns/barna og geta skráð fjarvist. Nú er hægt að skoða viðveru aftur í tímann.
- **Myndir:** Hér sjást myndir af barni/börnum sem hægt er að vista.
- **Dagatal:** Hér birtist viðburðadagatal skólans.
- **Daglegar athafnir:** Hér birtast myndir úr starfinu, matarskráning o.fl.



Gangi ykkur vel. Ef þið lendið í vandræðum er hægt að hafa samband við leikskólann eða beint við til Karellen

á info@karellen.is